



Viðstaddir

20.12.2022

Páll B. Guðmundsson

PBG SSH

15239

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

HH SSH

Fundarritari

Ómar Einarsson

ÓE ÍTR

EKS / einar@vso.is

Magnús Árnason

MÁ Skíðasvæðin

Ásthildur Helgadóttir

ÁH Kópavogi

Þorvaldur Daníelsson

ÞD Form Skíðasvæðanna

Einar K. Stefánsson

EKS VSÓ Ráðgjöf

Forfallaðir

Guðmundur Sverrisson

Tílefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur þriðjudaginn 20.12.2022 kl. 13:00.

1 Síðasta fundargerð

Fundargerð 13.12.2022 samþykkt.

2 Lyftur Bláfjöll

Öryggis- og lokaúttektir byggingafulltrúa á lyftum hafa gengið brösuglega af ýmsum ástæðum. Vonir standa til að þeim ljúki fljótlega.

EKS kynnti samning um afhendingu og uppgjör lyfta.

- ⇒ EKS bætir inn fyrirvara við greiðslur um að lokaúttektum byggingafulltrúa sé lokið
- ⇒ Verkefnishópur samþykkir að PBG sendi samninginn til stjórnar SSH til samþykktar og með ósk um heimild til undirskriftar

3 Snjóframleiðsla 1. áfangi

RSFS áætla að verkabyrgð fái afhent í vikunni. Í beini framhaldi er hægt að skrifa undir verksamning.

Sterkt sannfæring er hjá Skíðasvæðunum og TechnoAlpin að góð staðsetning stjórnstöðvar- og dæluhúss (P/C) sé við norðurhlíð Drottningar þar sem spennistöð norðursvæðis Bláfjalla og varaafli mun einnig verða staðsett. Áður hefur verið fjallað um hýsingu spennistöðva Veitna og færð rök fyrir því að ódýrast sé að Skíðasvæðin leggi til hýsingu þeirra.

EKS hefur stillt upp verðfyrirspurnargögnum fyrir hýsingu á neðangreindu:

- Spennir Veitna fyrir norðursvæði Bláfjalla
 - Spennir Veitna fyrir snjóframleiðslu
 - Varaafli Bláfjalla (rafstöð og olíugeymir)
- ⇒ Verkefnishópur samþykkir að vinna þau gögn áfram
- ⇒ Sem flestum verði gefinn kostur á að bjóða – þ.m.t. TechnoAlpin. Verði TA hlutskarpastir er líklegt að þetta húsnæði verði felld inn í P/C hús.
- ⇒ Skv. deiliskipulagi er P/C staðsett norðan verkstæða. EKS mun biðja Landslag að senda fyrirspurn til skipulags Kópavogs um hugsanlega breytingu
- ⇒ EKS mun óska eftir fundi með ÁH um byggingarleyfi og kröfur þess

Skíðasvæðin telja nauðsynlegt að ráðast í neðangreind verkefni:

- Landmótun í Kóngsgili
 - Ný lýsing í Kóngsgili (m.a. þar sem nú er áætlað að fjarlægja lyftumöstur gömlu Drottningar sem bera uppi lampana)
 - Færsla brettalyftu neðst í Öxlinni 15m norðar
 - Færsla snjógirðingar milli brettasvæðis og Axlar 15m norðar
- ⇒ Ofangreint er allt á lagnaleið snjóframleiðslukerfanna sem byggð verða næsta sumar og þarf því að vinnast á undan eða samhliða
- ⇒ Verkefnin eru ekki inni fjárveitingum verkefnisins. Málinu vísað til stjórnar Skíðasvæðanna (samstarfsnefndar) til umfjöllunar

4 Fjárhagsstaða/áætlanir

Unnið hefur verið að uppfærslu kostnaðarlíkans verkefnisins.

- ⇒ Eftirstöðvar 2022 stefna nú í 53 m.kr sem nýtt verður sem flýttigreiðsla til Doppelmayr sbr. samning í lið 2.
- ⇒ Fjárveiting í Gosa/Drottningu er alls 2.405 m.kr í samningi sveitarfélaganna. Verkið stefnir að enda 26 m.kr undir fjárveitingu ef gengi helst óbreytt.

5 Næsti fundur

Ákveðið síðar

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn